



## **Grænni byggð – Green Building Council Iceland**

Stjórnarfundur 10, 1 fundur 2019

**Staðsetning fundar:** Búseti, Síðumúla 10

**Dagsetning:** 17. janúar 2019, 15:00 – 17:00

**Mættir eru:** Þórhildur, Gyða Mjöll, Kristjana, Olga, Ólafur, Kristján og Bjarni

**Fundarritari:** Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (GMI) – Efla verkfræðistofa - gyda.mjoll.ingolfsdottir@efla.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir Fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/  
olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs – vbr@vbr.is

**Dagskrá fundar:**

- **Nýju verkefni (verkefnastyrkir frá Mannvirkjastofnun)**
- **Dagur Grænni byggðar 2019**
- **WGBC - vinna**
- **Aðalfundur - dagsetning**
- **Aðrar fréttir úr starfinu (Innspil GB til átakshóp í íbúðamálum)**
- **Áherslur á árinu**
- **Annað**
- **Laun framkvæmdastjóra GB**



## 1. Nýju verkefni (verkefnastyrkir frá MS 2019)

Grænni byggð hefur hlotið þrjú verkefnastyrki frá Mannvirkjastofnun (Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu) til að vinna þrjú fyrirfram skilgreind verkefni tengt vistvænum áherslum í byggingariðnaði. Verkefni skal vinna á árinu 2019.

Verkefni eru eftirfarandi:

### 1. Rannsóknir á vottunarkerfum vegna vistvæni bygginga

Meginmarkmið verkefnis er að gerðar veðri rannsóknir á hvernig hægt væri að aðlagja erlend vottunarkerfi hvað varðar vistvæni bygginga að íslenskum aðstæðum.

### 2. Prófun vottunarkerfis fyrir vistvænar byggingar og gerð leiðbeininga

Meginmarkmið verkefnis er að gerðar verði prófanir á vottunarkerfi fyrir vistvænar byggingar og kerfinu beitt á nokkrar byggingar og gerðar verði leiðbeiningar um notkun kerfisins.

### 3. Kortlagning á byggingarúrgangi og gerð fræðsluefnis um málið

Meginmarkmið verkefnis er að kortleggja stöðuna varðandi byggingarúrgang, gera leiðbeiningar um hvernig minnka megi byggingarúrgang og lýsa sóknarfærum til samdráttar slíks úrgangs.

Það þarf að leggja þessi verkefni skipulega upp og verkstýra þeim vel. Skiptir máli upp á framhaldið. Setja skýran fókus í upphafi verkefna.

Ákjósanlegt væri að reyna að vinna þessi verkefni með svipuðum hætti. Þannig að þau séu unnin með svipuðum hætti. Fyrsta skrefið er að gera tíma- og verkáætlanir fyrir verkefni.

Þórhildur sendir drög að verkáætlun á stjórnina (Gyða og Ragnar fínþússa) og síðan verður þetta sent áfram til þeirra aðila sem hugsanlega munu koma að þessum verkefnum.

Áætlanir þurfa að vera tilbúnar fyrir mánaðarmót jan-feb.

Úrgangsmálin. Fá verktakann inn í þetta, ÍAV (Kristján).

Byggingarúrgangsverkefni: Faghópur sem myndaðist í tengslum við byggingarúrgangsráðstefnuna. Nýta þann hóp í þetta verkefni. Það væri hægt að fá tvo aðila frá einhverjum þessara fyrirtækja til að korleggja stöðuna. Work-shop fyrir byggingarúrgang. Verkáætlun er í vinnslu fyrir þetta verkefni.

Vistvottunarkerfin: Faghópur sem vann að í UBÍS verkefninu. Efla/Verkís. Háskólarnir, Björn Marteins (HÍ). Egill Guðmundsson, Arkís. GB hefur gott tengslanet varðandi aðila sem hægt er að leita til fyrir úrlausn þessara verkefna.

Aðilar frá stofnunum, fyrirtækjum, háskólunum.

Verkefnastjórnun mjög mikilvæg í þessum verkefnum. Gæti þurft að hafa verkefnastjórnunarteymi sem heldur utan um hvert verkefnið til að verkefnið stöðvist ekki.



Við það næst betri yfirsýn yfir það hvernig verkefni eru að vinnast.

Formleg verkefnastjórar verkefnanna þriggja eru Þórhildur (GB), Björn Karlsson (MS) og Jón Guðmundsson (MS). Verkefnastjórn heldur þrjá fundi yfir árið.

Við þyrftum að hafa undir verkefnastjórn.

Ólafur kemur inn á fundinn og kynnir verkefni sem NMÍ fékk styrk fyrir frá Mannvirkjastofnun:

1. Myglumál – rakaskemmdir
2. Vistferilsgreining (viðmiðunarhús fyrir Ísland). Basis hús.  
Hús með íslenskum viðmiðum. Þegar fram í sækir getur verið að það verði farið alveg út í tréhús.
3. Umhverfisvæn steypa
- 4.

Gætum eflaust mátað saman verkefni um vistferilgreiningu við verkefni um vistvottunarkerfin. Það væri tilvalið að gera prófun á vottunarkerfunum á viðmiðunarhúsinu sem NMÍ vinnur að. Athuga það þegar fram líður.

Gyða spyr: hvort það rúmist innan þessara verkefna þykkt á einangrun í tengslum við orkusparnað, þegar tekið er tillit til framleiðsluferlis einangrunar líka. Það gæti verið tilvalið nemendaverkefni.

Þyrftum að kynna niðurstöður rannsókna á almennan hátt og faglegan. Sett fram á mismunandi hátt fyrir almenning annars vegar og sérfræðinga í þessum málum hins vegar.

## **2. Dagur Grænni byggðar 2019**

Þórhildur bauð öllum aðilum Grænni byggðar að taka þátt í skipulagningu Dagsins. Fékk nokkra aðildafélaga til liðs við sig.

Egill á Arkís hefur verið mjög öflugur í þessari vinnu.

### **Þórhildur kynnir drög að dagskrá:**

- Grænar áherslur í norskum byggingariðnaði - Katharina Bramslev, Framkvæmdastjóri NGBC
- Af hverju að fara út í vistvottun? – Jón Pálmi Guðmundsson, Framkvæmdastjóri Urriðaholts. Sjónarmið verkkaupa.
- Hæg breytileg átt, verkefni um sjálfbærni – Anna María Bogadóttir arkitekt
- Grænar lausnir fyrir íslenskar byggingar, reynsla úr verkefnum – Helga Jóhanna Bjarnadóttir. Búin að staðfesta þáttöku.



- Sjálfbært skipulag – staðan hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Skipulagsfulltrúar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Allir búnir að samþykkja þáttöku. Ef til vill öðruvísi framsetning á þessu innleggi en fyrirlestrarform, stuttur tími. Skoða það. Panell – fá einhvern þekktan til að stýra. Egill Helgason? Eva María?
- Hvernig er að búa í vistvottuðu húsi? Finnur Sveinsson
- Hótelíð á Hnappavöllum – hönnun – hús úr krosslímdu timbri
- Viðbygging alþingishússins – Margrét Harðadóttir arkitekt
- Skrifstofur Alþingis – viðbygging. BREEAM vottað. Margrét Harðadóttir arkitekt, Studio Grandi. Reynsla hönnuðar.

Þórhildur er búin að panta sal á Grand Hótel fyrir þennan viðburð.

Work shop með Kathrinu fyrir aðildafélaga fyrir hádegi ?

### 3. WGBC – vinna

Það er fundur í Ístanbul 13-14 febrúar.

Fundur í Osló framundan líka. Við ættum að senda fulltrúa þangað.

Better places for People Campaign – update feedback.

Það er mjög margt áhugavert að gerast hjá WGBC. Það er styrkur varðandi græna pólitík að samtökin stinga upp á áhersluatriðum. Það hjálpar okkur að fá meiri þunga inn í umræðuna með þessum erlendu tengiliðum. Það er mikið efni þarna sem við getum nýtt okkur.

Það vantar rammann utan um það hvað telst vera græn bygging í íslensku samhengi.

Félag fasteignafjárfesta (í Evrópu?) – eru að taka saman viðmið fyrir fjárfesta um grænar fjárfestingar.

Taxonomy

An EU classification system – the so-called taxonomy – to determine whether an economic activity is environmentally sustainable.

### 4. Aðalfundur – dagsetning

Það hentar ekki nógu vel að hafa hann sama dag og Dag grænni byggðar, eins og gert var í fyrra.

Þórhildur stingur upp á 29. eða 30 apríl eftir vinnu. **Stefnum að 30. apríl frá 17- 18:30.**



Fara í gegnum staðlaðan aðalfund. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Engin önnur stór atriði á dagskrá.

## 5. Aðrar fréttir úr starfinu (sjá innspil GB til átakshóp í íbúðamálum)

- Innlegg Grænni byggðar um umhverfismál til átakshóps um aukið framboð á heimilum. Skil í janúar
- Félagsleg sjálfbærni – áhugaverður vinkill. Þórhildur hefur átt samtal við sérfræðinga í þeim efnum varðandi hugtakið félagsleg sjálfbærni.
- Morgunspjall: Arkitektúr, vellíðan fólks og félagsleg sjálfbærni  
Tekur á félagslegri sjálfbærni.
- Byggingarfélag – samtök um bíllausan lífsstíl.  
Eru með opinn fund 19. janúar. Áhugavert að fylgjast með þessu verkefni. Ragnar er félagi. Einnig þælingar um smáhýsi.
- Spor í sandinn. Hugmynd í mótun. Stórt gróðurhús í Reykjavík.

## 6. Áherslur á árinu

Það eru nýju verkefnin fyrst og fremst. Styrkirnir. Verkefnastýra þeim, móta og halda utan um þau. Sú vinna þarf að vera í góðu samstarfi við stofnanir og fyrirtæki sem hafa verið að vinna að þessum málum.

Halda áfram með almennt starf Grænni byggðar.

Skipuleggja dag Grænni byggðar og halda utan um það.

GB sóttu um styrk til Landsvirkjunar, orkurannsóknarstyrkur með Vista. Vista er að vinna að rannsóknum á orkunýtni húsa í Reykjavík.

## 7. Annað

**Starfsnemi:** Það gæti verið mjög hjálplegt að fá starfsnema inn á árinu í almenna vinnu til að létta undir með Þórhildi. Vorönnin gæti farið meira og minna í verkefnastjórnun á þessum stóru verkefnum. Starfsnemi gæti jafnvel gagnast vel á haustönninni.



### **8. Laun framkvæmdastjóra**

Bjarna og Gyðu er veitt heimild til að ganga frá nýjum samningi við framkvæmdarstjóra með nýjum kjörum.

Fundi slitið: 17:20